

FUNDARGERÐ 440. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórn SORPU bs. kt. 510588-1189 hittist til fundar þriðjudaginn 8. desember 2020 í Ráðhúsi Reykjavíkur kl. 12.00, auk þess sem stuðst var við fjarfundarbúnað á fundinum.

Á fundinn mættu stjórnarmennirnir Ágúst Bjarni Garðarsson, Bjarni Torfi Álfþórsson, Birkir Jón Jónsson, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir og Líf Magneudóttir (formaður). Auk þess sátu fundinn Haraldur Flosi Tryggvason ráðgjafi stjórnar og Sverrir Briem frá Hagvangi flutti kynningu á niðurstöðu ráðningarferlis framkvæmdastjóra SORPU.

Á dagskrá fundarins var eitt málefni: ráðning framkvæmdastjóra SORPU.

Formaður opnaði fundinn og bauð Sverri Briem að flytja kynningu sína á ráðningarferli framkvæmdastjóra SORPU. Sverrir gerði í framhaldinu grein fyrir helstu áföngum ferlisins, þ.e. auglýsingu, fyrsta úrvali með tilliti til hæfisskilyrða, viðtölum teknum af vinnuhóp formanns við úrval umsækjenda og loks niðurstöðu mats stjórnar á þeim þremur umsækjendum sem fluttu kynningu fyrir stjórn í Ráðhúsi Reykjavíkur þann 3. desember 2020.

Samandregin niðurstaða úr mati stjórnar var að umsækjandinn Jón Viggó Gunnarsson væri hæfastur umsækjenda. Nokkur umræða varð um einstaka matsþætti sem lyktaði með því að stjórn var einróma sammála um niðurstöðu matsins. Að svo búnu vék Sverrir af fundi.

Þessu næst ræddi stjórn um skilmála ráðningar og starfskjör sem boðin skyldu. Varð að ráði að leitast skyldi við að samræma starfskjör því sem tíðkaðist hjá öðrum byggðarsamlögum sömu eigenda. Var stjórnarformanni falið að láta vinna slíkan samanburð og útbúa drög að ráðningarsamningi til samþykktar af stjórn.

Stjórn samþykkti þessu næst einróma að Jóni Viggó Gunnarssyni skyldi boðið starf framkvæmdastjóra SORPU þá þegar að ákvörðun hefði verið tekin um skilmála ráðningarinnar og starfskjör.

Næsti fundur til afgreiðslu málsins ákveðin þann 16. desember kl. 11.30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 12.45.